



Ákvörðun nr. 8/2023

Synjanir á númera- og þjónustuf lutningi og rétthafabreytingar án samþykkis.

(mál nr. 2023020025)

I. Erindið

(1) Með tölvupósti, dags. 3. febrúar 2023, barst Fjaraskiptastofu (hér eftir FST) kvörtun frá Stan Company ehf., (hér eftir Stan Company) um að fjaraskiptafélagið Nova hf. (hér eftir Nova) hefði hafnað flutningi fjölda símanúmera sem að Stan Company væri rétthafi að. Samkvæmt fylgiskjali með kvörtuninni sagði að fjaraskiptafélagið Hringdu ehf. (hér eftir Hringdu) hefði sent flutningsbeiðnir fyrir 312 númer til Nova þann 30. jan. 2023. Fram kom í máli kvartanda að uppsögn þjónustunnar átti að hafa tekið gildi 31. janúar en fjöldi númera væru ennþá virk og í þjónustu hjá Nova. Í erindi kvartanda var að finna lista yfir 80 númer sem höfðu fengið höfnun á flutningi sem að kvartandi væri rétthafi að.

II. Málsmeðferð

2.1. Sjónarmið Nova

(2) Í tilefni af kvörtun Stan Company var Nova gefið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum vegna hennar og b árust þær með tölvupósti þann 21. feb. 2023. Í svari Nova sagði að fjaraskiptafélagið hefði sagt upp allri þjónustu félagsins við Stan Company, og uppsögnin hefði tekið gildi þann 1. febrúar 2023. Frá því að Nova tilkynnti um uppsögn á þjónustunni áttu sér stað samskipti milli aðila um mögulegar leiðir til þess að tryggja óslitna þjónustu við notendur frá og með gildistöku uppsagnar, án þess að saman næði.

(3) Víkur Nova að því að þann 10. jan. 2023 hefði fjaraskiptafélaginu farið að berast beiðnir um flutning númera sem skráð voru á Stan Company yfir til Hringdu. Beiðnirnar voru afgreiddar í samræmi við venjulegt verklag Nova, þ.e. unnið var að því að afgreiða þær innan 48 tíma frá því þær b árust. Þegar samningur Nova við Stan Company var fallinn úr gildi, lágu fyrir allnokkrar óafgreiddar flutningsbeiðnir númera félagsins yfir til Hringdu. Vegna misskilnings starfsmanna um heimildir Nova þar sem ekki væri lengur til staðar samnings samband við Stan

Company voru gerð þau mistök að öllum fyrirbyggjandi flutningsbeiðnum var hafnað. Þegar mistökin urðu ljós, í kjölfar athugasemda frá Hringdu og Stan Company, var aftur horfið til hefðbundins verklags og reynt eftir bestu getu að afgreiða allar flutningsbeiðnir innan 48 tíma frá því að þær bárust. Í einhverjum tilvikum tók flutningur eitthvað lengri tíma vegna álags á starfsmenn Nova, ekki síst um og í kringum mánaðarmótin þegar fjöldi beiðna var slíkur að ekki náðist að vinna úr þeim öllum innan hefðbundins frests.

(4) Varðandi rétthafabreytingar sagði Nova að fjarskiptafélagið væri almennt að vinna eftir því verklagi að verða við beiðni notenda um rétthafabreytingar/greiðendabreytingar yfir á þá sjálfa, en jafnframt upplýsa fyrri greiðendur í tölvupósti um að breyting hafi verið gerð og þeim gefið tækifæri til að gera athugasemdir við breytinguna. Ef fyrri greiðandi gerir athugasemd við rétthafabreytinguna er breytingin afturkölluð. Þetta verklag var viðhaft við allar þær rétthafabreytingar sem gerðar voru á númerum sem skráð voru á Stan Company sem rétthafa hjá Nova.

(5) Þá sagði Nova að í þeim athugasemdum sem Stan Company gerði við verklag Nova við rétthafabreytingar í tölvupóstum sem fylgdu kvörtuninni voru tvö símanúmer nefnd og því haldið fram að rétthafabreyting hafi verið gerð á þeim gegn vilja Stan Company, en það væru númerin [...] og [...]. Þau númer væri þegar búið að flytja til Hringdu skv. beiðni Stan Company. Skýr andmæli við rétthafabreytingum hefðu ekki borist ekki í öðrum tilvikum.

(6) Að lokum sagði í svari Nova að fjarskiptafélagið harmaði þau mistök sem gerð voru þegar þessum númeraflutningum yfir til Hringdu óskað en unnið var eins fljótt og mögulegt var að bæta úr þeim og afgreiða allar flutningsbeiðnir í samræmi við hefðbundið verklag Nova, innan 48 tíma.

2.2. Athugasemdir Stan Company við sjónarmið Nova

(7) Í tilefni af svörum Nova var Stan Company gefinn kostur á að tjá sig um svörin og koma á framfæri athugasemdum. Með bréfi frá lögmannstofunni Land Lögmönnum, dags. 23. mars 2023, barst stofnuninni andsvör við sjónarmið Nova.

(8) Í bréfinu kom m.a. fram að lögmaðurinn gætti hagsmuna I CALL ehf. (hér eftir I CALL) og Stan Company en umbjóðendur hans teldu að brotið hefði gegn reglum um númeraflutninga og skráningu rétthafa nr. 1112/2022 þegar flytja átti símanúmer Stan Company sem rétthafa, frá Nova til Hringdu vegna samnings síðarnefnda fyrirtækisins við I CALL. Þá sagði jafnframt að ágreiningurinn hjá FST væri tilkomin vegna kvörtunar Stan Company en engu að síður taldi lögmaðurinn að vísa yrði til beggja aðila sem umbjóðenda hans í málinu þar sem réttarstaða þeirra væri nátengd.

(9) Í bréfinu er síðan vikið að því að forsaga málsins hafi verið að félagið var og væri enn rétthafi fjölda símanúmera vegna viðskipta félagsins við Nova sem hófust í desember 2020. Fyrst um sinn voru nokkur númer skráð á fjölskyldumeðlimi forsvarsmanna Stan Company en í kjölfarið bauðst félaginu fleiri númer hjá Nova og virtust engin takmörk á fjölda þeirra. Sumarið 2021 voru endanotendur númera Stan Company orðnir fjölmargir og stofnuðu aðstandendur Stan Company því I CALL en viðskiptavinir I CALL voru einkum Pólverjar búsettir á Íslandi. Þá kom fram að I CALL væri skráð fjarskiptafyrirtæki síðan í desember 2022.

(10) Stan Company var með samning við Nova um númeraþjónustu og var viðskiptavinum I CALL úthlutað númerum sem Stan Company var réttihafi að. Viðskiptin byrjuðu smátt en fljótlega varð umtalsverð fjölgun og skiptu viðskiptavinir I CALL nokkrum hundruðum þegar Nova sagði upp samningi við Stan Company í desember 2022. I CALL samdi í kjölfarið við Hringdu en samningur við Nova gildi til loka janúar 2023 en fram kemur í uppsögn Nova að öll þjónusta Nova gagnvart Stan Company félli niður þann 1. febrúar 2023. Þegar samningurinn rann sitt skeið var óskað eftir flutningi númera Stan Company frá Nova til Hringdu en sá flutningur gengi verulega illa og lægi ábyrgð þess alfarið hjá Nova.

(11) Vandkvæðin við númeraflutninginn virðist m.a. stafa af því að Nova hafði samband við einstaka viðskiptavini I CALL til þess að fá þá í viðskipti við Nova og virðist Nova hafa skipt um réttihafa í þeim tilgangi án nokkurra heimildar eða beiðni frá Stan Company sem var skráður réttihafi í langflestum, ef ekki öllum, tilvikum.

(12) Vísað var til tveggja fylgiskjala með bréfinu en annars vegar var um að ræða excel skjal frá 16. febrúar 2023 sem starfsmaður Nova sendi kvartanda. Þar komu fram 331 númer sem átti að vera búið að flytja frá Nova til Hringdu í síðasta lagi þann 1. febrúar 2023 en hafði ekki verið gert. Hins vegar var um að ræða excel skjal frá 1. mars 2023 sem starfsmaður Hringdu sendi kvartanda en þar væri að finna 269 númer sem Nova hafði hafnað að flytja til Hringdu. Stan Company taldi að engar af þeim ástæðum sem Nova hefur gefið fyrir að hafna númeraflutningi stæðust og félagið hafi því brotið gegn fjarskiptalögum nr. 70/2022 og reglum nr. 1112/2022 um númeraflutninga og skráningu réttihafa.

(13) Þá sagði í bréfinu að með þessu væri ljóst hefði Nova brotið gegn ákvæðum 10. og 12. gr. reglna nr. 1112/2022 en reglurnar væru settar með stoð í fjarskiptalögum. Með vísan til framangreindra lista var þess krafist í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsluréttar að FST kallaði eftir skýringum frá Nova hvers vegna ekki var gengið frá númeraflutningi á þeim 269 númerum skv. lista frá 1. mars 2023 og hvað tilteknar skýringar¹ við listann þýddu og hvernig þær væru tilkomnar t.d. hvort starfsmenn Nova hafi haft samband við einstaka endanotendur hjá I CALL ehf. eða skipt um réttihafa án þess að fyrir lægi beiðni frá viðkomandi réttihafa.

(14) Þá var þess krafist að FST leitaði skýringa, í samræmi við rannsóknarregluna, á því hvers vegna ekki var gengið frá númeraflutningi á 331 númeri á lista frá 16. febrúar 2023 í síðasta lagi þann 1. febrúar 2023 þegar öll þjónusta Nova gagnvart Stan Company féll niður skv. uppsögn. Ef skörun væri á listunum þannig að sama númer væri á báðum lista nægði ein útskýring. Þá var vísað til þess í bréfinu að Nova hafi með ólögmati háttsemi sinni og aðgerðum valdið þeim tjóni, Stan Company sem réttihafa og I CALL sem seljanda fjarskiptaþjónustu. Því væri nauðsynlegt fyrir báða aðila að fá úr því skorið hvort Nova hafi brotið viðkomandi gildandi reglur.

(15) Með vísan til 27. gr. reglna nr. 1112/2022 var þess krafist að FST skæri úr ágreiningi um ofangreindan númera- og þjónustuflytning númera réttihafans Stan Company frá Nova til Hringdu skv. samningi Hringdu við I CALL og hvort verkferlar Nova þar að lútandi samrýmdust reglum nr. 1112/2022. Þá var þess einnig krafist að FST legði stjórnvaldssekt á Nova yrdi komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn reglum nr. 1112/2022, líkt og rakið hefur

¹ Umræddar skýringar voru: Númeraflutningi hafnað að hálfu Nova, nova baby, Stan, Vilja vera hjá Nova, Hættu við, Rangur réttihafi.

verið, á grundvelli þess að félagið hafi umtalsverðan markaðsstyrk í skilningi fjarskiptalaga nr. 70/2022. Er þar einkum vísað til heimildar í b. lið 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga. Þá lagði kvartandi sérstaka áherslu á að almennt yrði horft til þess að Nova hf. hefði umtalsverðan markaðsstyrk á því sviði sem ágreiningurinn tekur til og væri í yfirburðastöðu gagnvart Stan Company og I CALL.

2.3. Seinni andsvör Nova við athugasemdir kvartanda.

(16) Með tölvupósti, dags. 24. mars 2023, var Nova gefið tækifæri á að koma að athugasemdum við athugasemdir kvartanda. Með bréfi, dags. 17. apríl, rakti Nova forsögu málsins nánar. Fram kom í bréfinu að viðskipti Stan Company við Nova hafi hafist í desember 2020 sem hefðbundin fyrirtækjaviðskipti en þau tóku á sig mynd sem vakti upp spurningar hjá Nova. Fjöldi símanúmera sem Stan Company var skráð fyrir sem allt í senn rétthafi, notandi og greiðandi hjá Nova hljóp undir lok viðskiptasambandsins á hundruðum, og var ljóst orðið að ekki gæti verið um svo umfangsmikinn rekstur að ræða hjá félaginu að starfsmannafjöldi gæti verið slíkur.

(17) Á árinu 2021 hófust viðræður við Stan Company um leiðir til þess að endurskilgreina viðskiptasamband félagsins við Nova þannig að gætt væri að hagsmunum allra aðila, ekki síst notenda þeirra númera sem Stan Company var skráð allt í senn rétthafi, notandi og greiðandi fyrir, en um það leyti varð Nova ljóst að Stan Company væri í raun að endurselja númerin til endanotenda, án þess að hafa til þess heimild í samningi við Nova og án þess að tryggja skráningu réttra endanotenda númeranna hjá Nova. Þessar viðræður báru ekki árangur og drógust úr hófi, en að lokum sá Nova þann einn kost í stöðunni að segja viðskiptasambandinu upp til þess að knýja fram þá niðurstöðu að gætt væri hagsmuna allra hlutaðeigandi, og ekki síst endanotenda.

(18) Eins og rakið væri í bréfi Stan Company þá hefði félagið I CALL verið stofnað á sumarmánuðum 2021 í því skyni að selja endanotendum fjarskiptaþjónustu. Félagið varð þó ekki skráð fjarskiptaþjónustu fyrr en í desember 2022, eins og einnig kemur fram í bréfinu. Engin þjónusta virðist hafa verið fólgin í viðskiptasambandi endanotenda við I CALL, önnur en að endanotendum voru afhent símkort frá Nova og þeim beint til Nova varðandi alla nauðsynlega þjónustu.

(19) Þá vék Nova að því að í bréfi kvartanda væri vísað til þess að Stan Company hafi verið með samning við Nova um númeraþjónustu og að viðskiptavinum I CALL hafi verið úthlutað númerum sem Stan Company var rétthafi að. Áhyggjur Nova af samningssambandinu, sem leiddu til uppsagnar þess, endurspegluðust í raun í þessari lýsingu á viðskiptaháttum Stan Company og I CALL. Í fyrsta lagi væri Nova ekki ljóst hvað átt væri við með „*samning um númeraþjónustu*“ þar sem Stan Company var einfaldlega í hefðbundinni fyrirtækjaþjónustu hjá Nova og ekki með neins konar samning eða heimild til endursölu eða heildsölu þjónustu Nova. Í öðru lagi væri það í hæsta máta óeðlilegt, og andstætt viðskiptaskilmálum Nova, að Stan Company hafi afhent þriðja aðila, I CALL, símkort sem Stan Company fékk úthlutað hjá Nova, sem svo I CALL endurúthlutaði til endanotenda á grundvelli einhvers konar samningssambands um veitingu fjarskiptaþjónustu. I CALL átti ekki í neinu viðskiptasambandi við Nova og með þessari háttsemi sinni braut Stan Company gróflega gegn skilmálum viðskiptasambands síns við Nova, þar sem, eins og áður sagði, Stan Company hafði enga heimild til endursölu eða heildsölu þjónustu Nova. Þá er í þriðja lagi ljóst að Nova gat með

engu móti tryggt hagsmuni endanotenda í þessum tilvikum, m.a. rétta meðferð persónuupplýsinga, þrátt fyrir að í öllum tilvikum virðist endanotendum hafa verið beint til Nova varðandi alla nauðsynlega þjónustu.

(20) Nova hefði því átt aðeins þann kost einan í stöðunni að segja upp viðskiptasambandinu við Stan Company til þess að þvinga fram niðurstöðu sem tryggði hagsmuni allra aðila. Reynt hafði verið til þrautar að komast að samkomulagi um forsendur viðskiptasambands sem endurspeglaði það sem raunverulega um ræddi, og var endursala eða heildsölufyrirkomulag meðal þess sem rætt var.

(21) Þá sagði Nova að í uppsagnarbréfi fjarskiptafélagsins til Stan Company fylgdi tillaga að samkomulagi um samstarf um yfirfærslu viðskiptasambanda Stan Company til Nova, sem ekki var samþykkt af hálfu Stan Company, en eins og rakið var í skýringum Nova, sem sendar voru FST með tölvupósti, dags. 21. mars 2023, áttu sér stað samskipti milli aðila um mögulegar leiðir til þess að tryggja óslitna þjónustu við notendur hennar frá og með gildistöku uppsagnarinnar, allt frá því uppsagnarbréfið var afhent fyrirsvarsmönnum Stan Company og fram í janúar, án þess að saman næði.

(22) Samkvæmt Nova varðaði umrædd tillaga að samkomulagi um samstarf, sem lögð var fram með uppsagnarbréfi til Stan Company, og sneri að því að tryggja óslitna þjónustu til endanotenda í kjölfar loka viðskiptasambands Nova og Stan Company. Í því ljósi, og ekki síður í ljósi þess að þarna átti sér stað endursala þriðja aðila (I CALL) á símkortum Nova sem úthlutað hafði verið til Stan Company, án heimildar Nova, og þess hvernig háttáð var viðskiptasambandi Stan Company og/eða I CALL við endanotendur, var samhliða því unnið úr flutningsbeiðnum frá Stan Company vegna flutnings númera sem félagið var skráð rétthafi að yfir til Hringdu, unnið í því hjá Nova að hafa samband við endanotendur til þess að bjóða þeim að gerast viðskiptavinir Nova, auk þess sem endanotendur höfðu í einhverjum tilvikum samband sjálfir eða komu í verslanir Nova og óskuðu því að gerast viðskiptavinir Nova.

(23) Hvað varðaði þau 269 númer sem hafnað var flutningi á yfir til Hringdu sagði Nova að endanotendur hefðu kosið að gerast viðskiptavinir Nova áður en óskað var flutnings af hálfu Stan Company. Í öllum öðrum tilvikum þar sem óskað var flutnings yfir til Hringdu var flutningur samþykktur, með þeim undantekningum sem rakin eru í skýringum Nova til FST frá 21. mars sl. En í þeim tilvikum sem flutningi var hafnað, byggt á misskilningi starfsmanna Nova um heimildir Nova vegna þeirrar stöðu að ekki væri lengur til staðar samningssamband við Stan Company, var bætt úr og flutningsbeiðnir samþykktar í samræmi við almennt verklag Nova.

(24) Varðandi þær skýringar sem gefnar voru fyrir höfnun flutningsbeiðna af hálfu Nova, ætti það einfaldlega við að í öllum tilvikum var um það að ræða að endanotendur óskuðu eftir því að gerast viðskiptavinir Nova, ýmist í kjölfar þess að haft var samband við þá af hálfu Nova, eða þeir höfðu samband sjálfir eða komu í verslanir Nova og óskuðu eftir því.

2.4. Um tölvupósta til FST frá Hringdu, Nova og ICALL um framkvæmd flutninga.

(25) Auk framangreindra bréfaskipta fékk FST afrit af fjölmörgum tölvupóstum sem gengu á milli fyrirtækjaþjónustna Nova, Hringdu og I CALL um framkvæmd flutninganna. Tölvupóstarnir voru vel á fimmta tug talsins og bárust FST á tímabilinu 3. febrúar til 15. mars.

2023. FST telur ekki þörf á að rekja efni þeirra hér en þau vörðuðu aðallega tæknilega framkvæmd á flutningi, fyrirspurnir Hringdu og I CALL til Nova um framgang flutningsbeiðna og einstaka réttahafabreytingar Nova á númerum, sem og svör og skýringar Nova við þeim fyrirspurnum. Þann 3. apríl 2023 fékk FST síðan afrit af tölvupósti frá Hringdu þar sem fram kom að málinu yrði lokað í bili þar sem að flutningar milli fjarskiptafélaganna virtust nú ganga í gegn snurðulaust.

III. Lagaumhverfi

(26) Þann 1. september 2022 tóku gildi ný lög um fjarskipti nr. 70/2022. Um var að ræða heildarendurskoðun á lögnum sem byggir á fjarskiptatilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2018/1972/EB (Kóðinn). Meðal nýmæla í nýjum fjarskiptalögum sem var ætlað að bæta enn frekar neytendavernd á sviði fjarskipta var t.a.m. fyrirkomulag bóta til endanotenda vegna tafa/og eða mistaka við númera- og þjónustuflutning og skylda fjarskiptafyrirtækja til að beita tæknilegum lausnum til að gera númera- og þjónustuflutning skilvirkari og hagkvæmari.

(27) Í athugasemd með 5. gr. frumvarps til nýrra laga um fjarskipti sagði að tilefni væri til að ýmissa breytinga á orðskýringum frá því sem áður var í eldri fjarskiptalögum nr. 81/2003. Þeirra á meðal voru nokkur hugtök sem varða stöðu notenda fjarskiptaþjónustu. Ólík hugtök fælu í sér mismunandi aðstæður í samskiptum notenda (einstaklinga eða lögaðila) við fjarskiptafyrirtæki sem að hefði áhrif á réttarstöðu aðila og að þessi hugtakanotkun væri að fyrirmynd Kóðans. Í athugasemd við ákvæðið kemur eftirfarandi fram:

„Lagt er til að hugtakið notandi fái nokkuð víðtækari merkingu, að fyrirmynd tilskipunarinnar, þannig að það nái einnig til einstaklings eða lögaðila sem óskar eftir fjarskiptaþjónustu frá fjarskiptafyrirtæki sem mögulega hyggst endurselja hana til annarra. Þessi merking hugtaksins er ljós þegar hugtakið er borið saman við skilgreiningu á hugtakinu endanotandi en það er notandi sem ekki býður almenn fjarskiptanet eða veitir almenna fjarskiptaþjónustu. Þannig má í raun segja að hugtakið endanotandi eins og það er skilgreint í frumvarpi þessu hafi sama inntak og hugtakið notandi samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti og notandi komi í stað hugtaksins áskrifandi samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti.

Þá er lagt til að skilgreint verði hugtakið neytandi sem merkir einstakling sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu í öðrum tilgangi en þeim sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi. Þetta hugtak er notað þegar fjallað er um réttarstöðu neytenda á einstaklingsmarkaði. Í þessu felst að notandi fjarskiptaþjónustu sem er neytandi getur notið réttinda sem ekki standa til boða fyrir lögaðila sem eru notendur á fyrirtækjamarkaði.“²

(28) Í 10., 34. og 35. tölul. 5. gr. fjarskiptalaga er því að finna þessar skilgreiningar. *Neytandi* er einstaklingur sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu í öðrum tilgangi en sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi. *Notandi* er síðan skilgreindur sem einstaklingur sem lögaðili sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu. *Endanotandi* er síðan notandi sem ekki býður almenn fjarskiptanet eða veitir almenna fjarskiptaþjónustu.

² Frumvarp til laga um fjarskipti. Þingskjal 666 — 461. mál, 152. löggjafarþing. Sótt af: <https://www.althingi.is/altext/152/s/0666.html>

Ekki er að finna skilgreiningu á hugtakinu rétthafi í fjarskiptalögum en vikið er nánar að því í næsta kafla.

(29) Í 76. gr. fjarskiptalaga er fjallað um númeraflutning og flutning netaðgangspjónustu milli fjarskiptafyrirtækja. Ákvæðið er ítarlegra en áðurgildandi 52. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 en það er til samræmis við ákvæði 106. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Helstu nýmæli er að finna í 3.–4. mgr. ákvæðisins þar sem mælt er fyrir um flutningsferli milli fjarskiptafyrirtækja. Í síðarnefnda ákvæðinu er fjallað um um endurgreiðslu til neytanda, ef hann óskar þess, vegna ónýttrar inneignar fyrirframgreiddrar þjónustu.

(30) Í 3. mgr. 76. gr. fjarskiptalaga er fjallað um framkvæmd flutningsins en þar segir að við flutning á milli fjarskiptafyrirtækja sem veita síma- og netaðgangspjónustu skal halda endanotanda upplýstum fyrir og meðan á flutningi stendur og tryggja samfellu í þjónustunni, nema það sé ekki tæknilega mögulegt. Þá skulu fjarskiptafyrirtæki vinna saman að flutningsferli í góðri trú. Móttakandi þjónustuveitandi skal tryggja að virkjun þjónustu fari fram eins skjótt og auðið er og í samræmi við samning um þjónustuna. Fráfarandi þjónustuveitandi á síðan að veita sína þjónustu með sömu skilmálum þar til móttakandi þjónustuveitandi virkjar þjónustu sína við endanotanda. Þjónustutap meðan á flutningsferli stendur skal ekki vara lengur en í einn virkan dag. Lok flutningsferlis jafngildir uppsögn samnings við fráfarandi þjónustuveitanda. Mistakist flutningsferli símaþjónustu ber fjarskiptafyrirtæki að endurvirkja númer og tengda þjónustu endanotanda þar til flutningurinn tekst.

(31) Í 5. mgr. 76. gr. er síðan að finna heimild FST til að kveða nánar á um reglur um númera- og þjónustuflytning, þar á meðal um tímasetningar og bætur til endanotenda í tilvikum þar sem mistök verða í flutningsferli, misbeiting eða tafir verða í flutningsferli og vegna þjónustu sem ekki er veitt með umsömdum hætti. Að lokum er kveðið á um að FST sker úr ágreiningi um framkvæmd númera- og þjónustuflytninga.

3.2. Reglur nr. 1112/2022 um númera- og þjónustuflytning í almennum fjarskiptanetum.

(32) Stuttu eftir gildistöku nýrra fjarskiptalaga nr. 70/2022 voru reglur um númera- og þjónustuflytning í almennum fjarskiptanetum teknar til endurskoðunar og tóku nýjar samnefndar reglur nr. 1112/2022 gildi þann 5. okt. 2022. Reglurnar gilda um númera- og þjónustuflytning í talsímanetum, hvort sem er innan kerfis sama fjarskiptafyrirtækis eða milli fjarskiptafyrirtækja, númera- og þjónustuflytning í farsímanetum og flutning netaðgangspjónustu. Reglunum er ætlað að mæla fyrir um skilvirkan og öruggan númera- og þjónustuflytning, auka neytendavernd endanotenda í fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óþarfa tafir og stuðla að góðri samvinnu um flutning þjónustu milli fjarskiptafyrirtækja á markaði.

(33) Líkt og áður var getið er ekki að finna skilgreiningu á rétthafa í fjarskiptalögum en í 2. gr. reglna um númera- og þjónustuflytning er hugtakið skilgreint sem sá einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefur úthlutað númeri frá fjarskiptafyrirtæki á nafn sitt og kennitölu eða er handhafi óskráðs frelsisnúmers og fer með réttindi og skyldur vegna notkunar þess númers. Rétthafi þarf ekki að vera skráður greiðandi þjónustunnar.

(34) Samkvæmt 4. og 6. gr. reglnanna eiga rétthafar númera í farsíma- og talsímaþjónustu, sem gera þjónustusamning við annað fjarskiptafyrirtæki en þeir eru þegar tengdir, rétt á að flytja með sér númer sem þeir eru skráðir rétthafar að til móttakandi fjarskiptafyrirtækis.

(35) Um forsendur fyrir höfnun á beiðni um númera- og/eða þjónustuflutning er fjallað um í 8. gr. reglnanna. Þar segir að fjarskiptafyrirtækjum sem veita talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og/eða netaðgangsjónustu er aðeins heimilt að hafna beiðni rétthafa númera/tengingar um númera- og þjónustuflutning ef rétthafi númera/tengingar hefur bundið sig með samningi, sem uppfyllir skilyrði fjarskiptalaga um hámarksbinditíma, í viðskipti við það fjarskiptafyrirtæki sem óskað er eftir flutningi frá. Þrátt fyrir þetta er fjarskiptafyrirtæki heimilt að hafna beiðni um númera- og/eða þjónustu-flutning vegna vanskila, enda sé rétthafi ekki neytandi á einstaklingsmarkaði.

(36) Um breytingu á rétthafa númera er fjallað í 10. gr. reglnanna en þar segir að fjarskiptafyrirtæki er ekki heimilt að skrá annan endanotanda sem rétthafa númera nema rafrænt eða skriflegt samþykki þess rétthafa sem afsalar sér númerinu liggja fyrir. Fjarskiptafyrirtæki bera sönnunarbyrði fyrir því að rétthafaskráning númera byggji á gildu samþykki.

(37) Í 12. gr. reglnanna er fjallað um afgreiðslutíma flutningsbeiðna en þar segir að fjarskiptafyrirtæki sem eiga í hlut skuli gera allar ráðstafanir til að rétthafi númera/tengingar verði ekki fyrir truflun í síma/netnotkun sinni og að tenging til hans falli ekki niður lengur en óumflýjanlegt er og ekki lengur en einn dag.

(38) Í IV. kafla reglnanna er fjallað um leiðréttingar á mistökum og bætur vegna tafa og mistaka við númera- og þjónustuflutning. Þar segir í 15. gr. að fjarskiptafyrirtæki sem hlut eiga að máli skulu gera allar ráðstafanir til að númera- og þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig og án allra óþarfa tafa. Samskipti fráfarandi fjarskiptafyrirtækis við rétthafa sem óskað hefur eftir númera- og þjónustuflutningi til annars fjarskiptafyrirtækis skulu ekki vera til þess fallin að hindra að flutningur eigi sér stað.

(39) Í 16. gr. reglnanna segir að ef koma upp mistök við númera- og þjónustuflutning, eða flutningur hefur verið framkvæmdur án samþykkis rétthafa númera/tengingar, skulu hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtæki leiðrétta slík mistök án tafar og í samræmi við forgangsafgreiðslu flutningsbeiðna samkvæmt verkferlum sínum og/eða HÍN.

(40) Í 17. gr. reglnanna er fjallað um rétt til bóta vegna mistaka, misbeitingar, tafa á uppsetningu eða flutningsferli fjarskiptaþjónustu. Þar segir í 1. mgr. ákvæðisins að númeraflutningur á að eiga sér stað eins fljótt og auðið er en eigi síðar en einum virkum degi frá því að fráfarandi fjarskiptafyrirtæki hefur borist beiðni um númeraflutning. Rétthafar eiga rétt á bótum vegna tafa eða mistaka í flutningsferli fjarskiptaþjónustu. Þjónustutap á meðan á flutningsferlinu stendur skal ekki vara lengur en í einn virkan dag en ef um lengra þjónustutap er að ræða eiga rétthafar rétt á bótum frá því fjarskiptafyrirtæki sem töfunum veldur. Bætur skulu vera veittar fyrir hvern þann dag sem þjónustan er ekki veitt., sbr. 2. mgr. 17. gr. reglnanna.

(41) Fjarskiptafyrirtæki eiga að setja sér viðeigandi verkferla um fyrirkomulag bóta vegna tafa eða þjónusturofs samkvæmt reglum um númera- og þjónustuf lutning nr. 1112/2022, og á nákvæm upplýsingagjöf um þá verkferla að vera að finna í skilmálum, sbr. 20. gr. reglnanna.

IV.

Forsendur og niðurstaða

4.1. Afmörkun málsaðildar

(42) Fram kom í bréfi lögmanns Stan Company að rétt væri að vísað yrði til bæði Stan Company og I CALL sem umbjóðenda hans í málinu þar sem að réttarstaða væri nátengd, sbr. 8. málsgrein. Vísað var til þess að umbjóðendur hans teldu að Nova hafi með ólögumætri háttsemi og aðgerðum valdið þeim tjóni. Annars vegar Stan Company sem rétthafa og I CALL sem seljanda fjarskiptaþjónustu. Því væri nauðsynlegt fyrir báða aðila að fá úr því skorið hvort að Nova hafi brotið þær reglur sem gilda á þessu sviði, að auki var þess krafist að stofnunin legði stjórnvaldssekt á Nova væri niðurstaðan sú að brotið hafi verið gegn reglunum, sbr. 14 og 15. málsgrein.

(43) Þetta orðalag verður ekki skilið öðruvísi en að lögmaður félaganna telji að I CALL eigi aðilastöðu í málinu. FST telur því rétt að afmarka aðild þessa máls.

(44) Með aðild að stjórnslumáli nýtur aðili þeirra réttinda sem mælt er fyrir um í stjórnslulögum nr. 37/1993, m.a. um að fá aðgang að gögnum þess, tækifæri til andmæla og rétt til rökstuðnings stjórnvalds fyrir ákvörðun sinni. Um aðild að stjórnslumálum fer samkvæmt óskráðum reglum stjórnsluréttar.

(45) Með hugtakinu *aðili máls* er ekki aðeins átt við þá sem eiga beinna hagsmuna að gæta heldur geta þeir einnig fallið þar undir sem hafa óbeinna hagsmuna að gæta. Við nánari skoðun á því hverjir geti talist aðilar máls verður að líta til þess hvort aðilinn eigi sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Jafnframt þarf að líta til þess hversu verulegir hagsmunirnir eru og hversu náð þeir tengjast úrlausnarefni málsins.

(46) Að því sögðu þá er skráður rétthafi fyrir símanúmerunum, sem að ágreiningsmálið lýtur að, Stan Company. Samkvæmt reglum um númeraflutning er það rétthafinn sem fer með réttindi og skyldur vegna notkunar númeranna. Fyrirsvarsmaður Stan Company sendi inn upphaflega kvörtun í nafni þess félags til FST en sendi stofnuninni einnig nokkra tölvupósta úr tölvupóstfangi undir formerkjum ICALL.

(47) Samkvæmt svörum Nova var Stan Company í hefðbundinni fyrirtækjaþjónustu skv. samningi og ekki með heimild til endursölu eða heildsölu á þjónustu Nova. Nova taldi það hafa verið óeðlilega ráðstöfun og andstætt viðskiptaskilmálum félagsins, að Stan Company hafi afhent, fjarskiptafyrirtækinu I CALL, símkort sem Stan Company fékk úthlutað hjá Nova, sem að I CALL hafi síðan endurúthlutað til endanotenda á grundvelli samningsbands við þá um fjarskiptaþjónusta. Þó að ICALL sé skráð fjarskiptafyrirtæki hjá Fjarskiptastofu þá breytir það því ekki að rétthafi símanúmeranna er Stan Company og fer það félag með réttindi og skyldur vegna notkunar á þeim númerum.

(48) Þó að aðstandendur Stan Company hafi stofnað I CALL og síðar skráð það sem fjarskiptafyrirtæki þá gefa gögn málsins ekki til kynna á hvaða lögmæta grundvelli Stan Company úthlutar þessum númerum til I CALL sem að síðan ráðstafar þessum númerum til eiginlegra endanotenda en ekkert samningssamband var á milli I CALL og Nova.

(49) Alla jafna er enginn vafi á því hver er aðili máls en í vafatilvikum er leyst úr með svipuðum hætti og um matskennda reglu væri að ræða, þ.e.a.s. fram fer heildstætt mat á hagsmunum og tengslum umrædds aðili við úrlausn málsins á grundvelli ákveðinna sjónarmiða og ályktun síðan dregin um það hvort telja beri hann aðila þess. Verður aðili þannig að eiga einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta sem beinlínis reynir á við úrlausn tiltekins máls til að eiga aðild að því.

(50) FST fær ekki séð að framangreindu virtu að I CALL eigi beina hagsmuni að gæta í málinu heldur sé fremur um að ræða óbeina hagsmuni félagsins á grundvelli tengsla eða einhvers konar samningssambands við Stan Company. Sé tekið mið af því að um óbeina hagsmuni ræðir, sem og að kröfurnar í málinu eru að Nova verði dæmt brotlegt og sektað, þá fær FST ekki séð að hagsmunir I CALL við úrlausn málsins séu svo einstakir eða verulegir að félagið öðlist þar með stöðu aðila. Það er því mat FST að aðilar þessa máls eru einvörðungu Stan Company, sem kvartandi, og Nova, sá aðila sem að kvörtunin beinist að. Þótt að I CALL njóti ekki aðilastöðu þá lítur FST svo á að fyrirtækið hafi fengið að tjá sig um efni málsins enda er um að ræða sama fyrirsvarsmann og lögmann félaganna, þ.e. I CALL og Stan Company.

4.2 Bætur fyrir mistök og tafir við flutning númera.

(51) Í 5. mgr. 76. gr. fjarskiptalaga segir að FST setji reglur um númera- og þjónustuflutning þ.á.m. um bætur til endanotenda. Í reglum um númera- og þjónustuflutning er fjallað um í IV. kafla reglnanna m.a. bætur vegna tafa og mistaka við númera- og þjónustuflutning.

(52) Sé horft til atvika og gagna þessa máls þá verður FST að taka undir það sjónarmið Nova um að viðskipti Stan Company við fjarskiptafélagið hafi átt sér stað á forsendum fyrirtækjaþjónustu fremur en að viðskiptin hafi farið fram á heildsölustigi. Um var að ræða nokkur hundruð númer sem átti að flytja en þrátt fyrir að um fjölda endanotenda sé að ræða að baki þessara símanúmera þá hefur aðdragandi flutningsins og framkvæmd hans það yfirbragð að vera flutningur milli fjarskiptafyrirtækja á heildsölustigi, þ.e. að fyrirtæki sé að færa sig frá einum birgja yfir til annars.

(53) Að því virtu telur Fjarskiptastofa að reglur um bætur til endanotenda skv. IV. kafla reglnanna vegna tafa og mistaka við númera- og þjónustuflutning komi ekki til álita í málinu þar sem reglurnar taka aðeins til endanotenda, þ.e. notenda sem að bjóða ekki almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu.³

4.3. Framkvæmd Nova á réttfabreytingum og númera- og þjónustuflutningi

(54) Reglur um númera- og þjónustuflutning nr. 1112/2022 eru settar á grundvelli 5. mgr. 76. gr. fjarskiptalaga. Þar kemur fram að fjarskiptafyrirtæki er ekki heimilt að skrá annan endanotanda sem réttihafa númers nema rafrænt eða skriflegt samþykki þess réttihafa sem afsalar sér númerinu liggja fyrir. Fjarskiptafyrirtæki bera sönnunarbyrði fyrir því að réttihafaskráning númers byggi á gildu samþykki. Samskipti fjarskiptafyrirtækja við

³ Sjá ákvörðun FST nr. 7/2023, þjónustuflutningur til Nova án fullnægjandi heimildar.

flutningsferli byggja á þeirri forsendu að viðhlítandi heimildir séu til staðar. Það er ekki gerð sú krafa að fráfarandi fjarskiptafyrirtæki staðreyni það að flutningsbeiðnir hins móttakandi fjarskiptafyrirtækis séu réttmætar og styðjist við fullnægjandi heimild, heldur hvílir sú ábyrgð á herðum hins móttakandi fjarskiptafyrirtækis.

(55) Þegar horft er til þess hvernig verklagi Nova var háttað í tengslum við beiðnir frá notendum um rétthafa/greiðendabreytingar þá fær FST ekki séð að slíkt verklag uppfylli skilyrði 1. mgr. 10. gr. reglna um númera- og þjónustuf lutning nr. 1112/2022 sem mælir fyrir um að ekki sé heimilt að skrá annan endanotanda sem rétthafa númers nema rafrænt eða skriflegt samþykki þess rétthafa sem afsalar sér númerinu liggja fyrir. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að í einhverjum tilfellum aflaði Nova ekki samþykkis frá kvartanda fyrir rétthafabreytingu en þegar því var andmælt voru númerin flutt til móttakandi fjarskiptafyrirtækis, sbr. umfjöllun í málsgrein 5.

(56) Fjarskiptafélagið Hringdu sendi upphaflega flutningsbeiðnir fyrir 312 númer til Nova þann 30. jan. 2023. Númerin voru þá skráð á Stan Company sem rétthafa. Þegar samningur Nova við Stan Company var fallinn úr gildi stóð eftir töluverður fjöldi óafgreiddra flutningsbeiðna frá Hringdu en skv. Nova voru þau mistök gerð að öllum fyrirbyggjandi flutningsbeiðnum var hafnað. Í kjölfar þess hófst langt ferli hjá Nova, Hringdu og ICALL við að reyna vinda ofan af þessu og afgreiða útistandandi flutningsbeiðnir en sé tekið mið af þeim tölvupóstum sem bárust FST þá lauk þessu ferli endanlega um miðjan marsmánuð á þessu ári. Jafnframt er ljóst að í nokkrum tilfellum voru gerðar rétthafabreytingar á númerum án þess að samþykki lægi fyrir.

(57) FST telur því ljóst að framkvæmd umræddra númeraflutninga hafi ekki verið í samræmi við skilyrði í 12. gr. áðurnefndra reglna sem fjallar um afgreiðslutíma flutningsbeiðna. Fjarskiptafyrirtæki eiga að gera allar ráðstafanir til að rétthafi númers/tengingar verði ekki fyrir truflun í síma/netnotkun sinni og að tenging til hans falli ekki niður lengur en óumflýjanlegt er og ekki lengur en einn dag. Miðað er við að númeraflutningur eigi sér stað eins skjótt og auðið er en eigi síðar en einum virkum degi frá því að fráfarandi fjarskiptafyrirtæki hefur borist beiðni um númeraflutning og skriflegur eða rafrænn þjónustusamningur rétthafa númers við móttakandi fjarskiptafyrirtæki liggur fyrir, sbr. 1. og 2. mgr. 12. gr. reglnanna.

(58) Með hliðsjón af framangreindu, sjónarmiðum málsaðila og atvikum máls að öðru leyti er það niðurstaða FST að framkvæmd Nova á rétthafabreytingum og númera- og þjónustuf lutningi hafi ekki verið í samræmi við kröfur 10. og 12. gr. reglna nr. 1112/2022.

4.4. Niðurstaða um beitingu stjórnvaldssekta

(59) Tilvísun kvartanda í b. lið 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga varðar það að FST getur lagt stjórnvaldssektir á fjarskiptafyrirtæki, lögaðila eða einstaklinga sem brjóta gegn skilyrðum fyrir notkun tíðna og númera skv. 16. og 22. gr. laganna. Í síðarnefnda ákvæðinu segir að FST geti sett ákveðin skilyrði fyrir notkun númera en eitt af þeim er að boðið sé upp á númeraflutning, sbr. d. lið 1. mgr. 22. gr. FST telur að þetta ákvæði eigi ekki við þar sem það mælir fyrir um að fjarskiptafyrirtæki þarf að bjóða upp á númeraflutning milli fjarskiptafyrirtækja. Númeraflutningur er í boði hjá Nova þrátt fyrir að númeraflutningsbeiðnir frá Hringdu hafi í upphafi fengið synjun.

(60) Að því sögðu þá hefur FST heimild til að leggja á stjórnvaldssekt vegna brota gegn skilyrðum ákvæða sem varða rétt neytenda, þ.m.t. 76. gr. fjarskiptalaga sem varðar númeraflutning og flutning netaðgangspjónustu milli fjarskiptafyrirtækja, sbr. k-lið 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga.⁴

(61) Stan Company var í fyrirtækjapjónustu hjá Nova og þar með notandi á fyrirtækjamarkaði. Hins vegar starfaði Stan Company í reynd sem nokkurs konar endursali fjarskiptapjónustu á smásölustigi með því að úthluta stökum númerum til óskyldra endanotenda, þ.e. til einstaklinga sem ekki voru í vinnusambandi við fyrirtækið. FST fellst á sjónarmið Nova um að slíkt hafi ekki verið heimilt, enda var Stan Company ekki skráð fjarskiptafyrirtæki og ekki með neina gilda samninga við Nova um heildsöluviðskipti. Þótt að fyrirtækið I CALL hafi komið til skjalanna á síðari stigum og fengið skráningu sem fjarskiptafyrirtæki hjá FST, er það sérstakt rannsóknarefni hvort að umsýsla þess félags með númer, sem Stan Company hafði fengið úthlutað frá Nova, hafi verið í samræmi við fjarskiptalög. Þó þykir ekki vera tilefni taka það til frekari rannsóknar í máli þessu.

(62) Það að vera rétthafi jafngildir ekki því að vera eiginlegur endanotandi og er slíkur greinarmunur er gerður í 2. gr. reglna um númera og þjónustuflutning. Þá getur greiðandi að fjarskiptanotkun verið annar en rétthafinn. Það er t.d. algengt fyrirkomulag að fyrirtæki sé rétthafi að símanúmeri en notkunarréttur þess er í höndum starfsmanns fyrirtækisins. Rétthafi hvers númers fer með ábyrgð og skyldur að því er varða meðferð og notkun númers, auk þess sem að hann fer með ýmis réttindi sem númerinu tengjast, svo sem rétt til að fá upplýsingar um notkun, rétt til að óska eftir breytingum eða tilfærslum á áskrift o.s.frv.

(63) Símanúmer eru þess eðlis að þau auðkenna hvern og einn notanda og allar þær upplýsingar er tengjast hverju og einu númeri falla undir það að vera persónugreinanlegar upplýsingar.⁵ Því geta almenn persónuverndarsjónarmið komið til skoðunar líkt og grundvallarréttindi og frelsi raunverulegs notanda símanúmersins sem að gæti gengið framur lögsmætum hagsmunum ábyrgðaraðila. Leggja þyrfti mat á atvik og aðstæður málsins hverju sinni og hvort að slík vinnsla eða miðlun persónuupplýsinganna sé í eðli sínu þannig að það leiði til þess að mögulega sé frelsi og grundvallarréttindum notandans ógnað.

(64) Sú staða sem Stan Company kom sér í, þ.e. að verða einhvers konar milligönguaðili um fjarskiptapjónustu Nova verður að teljast mjög óvenjuleg. Stan Company var í kerfum Nova skráður sem rétthafi, greiðandi og notandi númeranna. Það fyrirkomulag samrýmist afar illa ákvæðum fjarskiptalaga um rétt neytenda⁶ og friðhelgi einkalífs, sbr. framangreinda umfjöllun. Þau réttindi eru bundin við hinn eiginlega endanotanda viðkomandi símanúmers.

⁴ Sjá ákvörðun FST nr. 7/2023, þjónustuflutningar án fullnægjandi heimildar.

⁵ Í lögum um persónuvernd og persónuupplýsingar nr. 90/2018 eru persónuupplýsingar skilgreindar sem upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

⁶ Samkvæmt 34. töl. 5. gr. fjarskiptalaga er neytandi einstaklingur sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptapjónustu í öðrum tilgangi en þeim sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi.

(65) Að teknu tilliti til framangreinds telur stofnunin því ekki heldur koma til álita að leggja stjórnvaldssekt á Nova, sbr. k-lið 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga en það mælir fyrir um heimild stofnunarinnar til að leggja á stjórnvaldssekt sem hafa brotið gegn ákvæðum um rétt neytenda.

Ákvörðunarorð

1. Framkvæmd Nova hf. við rétthafabreytingu númeranna [...] og [...] var ekki í samræmi við kröfur 10. gr. reglna um nr. 1112/2022 um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum, sbr. 5. mgr. 76. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022, um að skriflegt eða rafrænt samþykki rétthafa númeranna þurfi að liggja fyrir.
2. Framkvæmd Nova hf. á númera- og þjónustuf lutningi var ekki í samræmi við kröfur 12. gr. reglna nr. 1112/2022 um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum, sbr. 5. mgr. 76. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022, um afgreiðslutíma flutningsbeiðna.
3. Kröfu Stan Company ehf. um að lögð sé stjórnvaldssekt á Nova hf. á grundvelli b. liðar 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga er hafnað.
4. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 13. september 2023

Hrafnkell V. Gíslason

Arnar Stefánsson